



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Myndlist – 1. bekkur

Hver nemandi er í tvær samliggjandi kennslustundir á viku í myndlist, fyrir eða eftir áramót. Hálfur bekkur er í einu á móti handmennt.

Markmiðið er að veita nemandanum útrás fyrir sköpunargleði á eigin forsendum, þroska með honum leiðir til að tjá eigin hugmyndir í margskonar efnivið, auka við færni hans og þekkingu á undirstöðuatriðum myndlistar og gera hann læsan á myndumhverfi sitt. Unnið er markvisst að því að efla sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, styrkja félagsfærni og efla umhverfisvitund.

Verk nemenda eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni og fer myndlistarmappan heim í lok skólaárs.

Matsviðmið

Myndlist

Teiknað fríhendis með penna

Blandað liti

Klippt

Mótað í leir

Gert einföld brot

Gert fingert mynstur

Áttað sig á hlutföllum mannlíkamans

Unnið með umbúðir og verðlaust efni í þrívídd

Farið á listasafn

Skilið ýmis hugtök, t.d. tvívídd, þrívídd, fjarvídd, grunnform, grunnlitir, litahringur, bakgrunnur, mynstur, skygging, uppstilling, stafagerð, abstrakt o.s.frv

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisni

Námsmat

Kennari metur hæfnimiðmið í lok annar, í desember eða maí eftir því hvort nemandinn er í myndlist fyrir eða eftir áramót. Matið birtist á Mentor. Kennari metur þau viðmið sem áhersla er lögð á. Til grundvallar námsmati liggja ýmis verkefni og ástundun.